

14. febrúar 2007  
SI-32267

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 1. febrúar 2007 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, 522. mál, viðurlög við efnahagsbrotum.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur m.a. fram að það sé samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum, og að markmið nefndarinnar hafi verið að móta ný viðmið um beitingu viðurlaga við efnahagsbrotum, þ.e. hvenær rétt væri að beita stjórnvaldssektum annars vegar og annars konar viðurlögum hins vegar.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið og styður samþykkt þess.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson  
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri